

Ár 2017, fimmtudaginn 30. mars, var fundur í kjararáði að Hverfisgötu 6a í Reykjavík haldinn af Jónasi Þór Guðmundssyni, Huldu Árnadóttur og Svanhildi Kaaber.

Fyrir var tekið:

**Að ákveða laun og starfskjör
forstöðumanns Samskiptamiðstöðvar
heyrnarlausra og heyrnarskertra**

I.

Samkvæmt 1. gr. laga nr. 47/2006 um kjararáð, sbr. 1. gr. laga nr. 168/2007 um breyting á þeim lögum, er verkefni ráðsins meðal annars að ákveða laun forstöðumanna ríkisstofnana. Forstöðumaður Samskiptamiðstöðvar heyrnarlausra og heyrnarskertra er á lista fjármála- og efnahagsráðherra yfir forstöðumenn samkvæmt 2. mgr. 22. gr. laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins nr. 70/1996. Heyrir því undir kjararáð að ákveða forstöðumanninum laun.

II.

Kjararáði barst bréf dagsett 21. júlí 2015 frá forstöðumanni Samskiptamiðstöðvar heyrnarlausra og heyrnarskertra. Í bréfinu er þess óskað að kjararáð endurmeti launakjör forstöðumannsins þannig að þau verði í samræmi við laun forstöðumanna sambærilegra ríkisstofnana. Fram kemur í bréfinu að uppbygging stofnunarinnar hafi verið markviss og farsæl þau 25 ár sem hún hafi starfað. Starfsmenn séu 32 og fari fjölgandi. Auk þeirra hafi fræðimenn vinnuáðstöðu við táknálmálsrannsóknir en Samskiptamiðstöð og Háskóli Íslands hafi gert með sér formlegt rannsóknasamstarf innan Rannsóknastofu í táknálmálsfræðum sem sé til húsa hjá Samskiptamiðstöðinni. Árleg velta stofnunarinnar sé um 230 milljónir króna, þar af sé rúmur helmingur sértekjur fyrir þjónustu, kennslu við Háskóla Íslands eða í formi rannsóknastyrkja. Í bréfinu segir jafnframt að Samskiptamiðstöð sé vinsæll alþjóðlegur samstarfsaðili og hafi oft átt frumkvæði að alþjóðlegu samstarfi og leitt það. Til dæmis taki stofnunin nú þátt í Erasmus verkefninu SignTeach með sjö öðrum Evrópuþjóðum en verkefnið snúist um að byggja upp upplýsingaveitu á vef fyrir evrópska táknálmálskennara. Þá kemur fram að Samskiptamiðstöð hafi fengið verðlaun fyrir starf sitt, til dæmis fyrir nýsköpun í opinberri þjónustu, hagnýtingarverðlaun Háskóla Íslands og viðurkenninguna European Public Sector Award.

Í bréfi forstöðumannsins segir einnig að Samskiptamiðstöð sinni öllu landinu með afar fjölbreyttu starfi og flóknum úrlausnarefnum á breiðu sviði. Um sé að ræða fræðilegar og hagnýtar rannsóknir svo sem á sviði málfræði, máltöku, mannfræði og kennslufræði. Kennarar stofnunarinnar, sjö talsins, sinni kennslu á öllum skólastigum frá leikskóla til háskóla. Þeir kenni íslenskt táknmál sem fyrsta og annað mál, þýðingarfræði, túlkun, menningu og sögu, auk þess að kenna um daufblindu innan Háskóla Íslands. Táknmálstúlkar stofnunarinnar, 21 talsins, túlki íslensku á íslenskt táknmál við allar aðstæður mannlegs lífs og á öllu landinu. Auk þess vinni stofnunin að gerð námsefnis í íslensku táknmáli, safni og skrái efni á íslensku táknmáli sem geymi sögu döff fólks og táknforða íslenska táknálmálsins (signiwiki.is). Þá segir í bréfinu að forstöðumaður Samskiptamiðstöðvar heyrnarlausra og heyrnarskertra þurfi að hafa menntun á sviði íslensks táknálmáls og táknmálssamskipta og kennslu- og uppeldisfræði og búa yfir víðtækri þekkingu á táknmálssamfélaginu. Forstöðumaðurinn þurfi að tala íslenskt táknmál reiprennandi, auk ensku og Norðurlandamála. Hann þurfi einnig að vera vel að sér um menningu og sögu heyrnarlausra og hafa þá þekkingu og reynslu sem nauðsynleg sé við stjórnun og rekstur stofnunarinnar. Forstöðumaður beri ábyrgð á rekstri stofnunarinnar og því að starfsemi hennar sé í samræmi við lög og stjórnvaldsfyrirmæli.

Með bréfum dagsettu 28. júlí 2015 gaf kjararáð fjármála- og efnahagsráðuneyti og mennta- og menningarmálaráðuneyti kost á að leggja fram greinargerðir vegna erindis forstöðumannsins, sbr. 6. gr. laga um kjararáð.

Fjármála- og efnahagsráðuneyti sendi kjararáði bréf dagsett 14. ágúst 2015. Í bréfinu segir að samkvæmt bréfi forstöðumannsins til kjararáðs óski hann eftir að laun verði hækkuð í samræmi við laun forstöðumanna sambærilegra stofnana á vegum ríkisins. Telji ráðuneytið eðlilegt að kjararáð horfi til þessa auk annarra viðmiðana við athugun á því hvort endurskoða skuli laun hans.

Mennta- og menningarmálaráðuneyti sendi kjararáði bréf dagsett 2. september 2015. Í bréfinu tekur ráðuneytið undir að rétt sé að skoða samræmi milli launakjara forstöðumanns Samskiptamiðstöðvar heyrnarlausra og heyrnarskertra og launakjara forstöðumanna sambærilegra stofnana frá síðasta úrskurði kjararáðs árið 2011. Mikilvægt sé að skoða hvort innbyrðis samræmis hafi verið gætt við launasetningu, einkum er varði umfang starfsemi, starfsmannafjölda og veltu stofnananna.

Með bréfi dagsettu 15. september 2015 fékk forstöðumaður Samskiptamiðstöðvar heyrnarlausra og heyrnarskertra send framangreind bréf ráðuneytanna til kynningar og honum gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum við efni þeirra. Í bréfi forstöðumannsins dagsettu 27. september 2015 eru ekki gerðar athugasemdir við bréf ráðuneytanna. Í bréfum hans dagsettu 8. og 14. febrúar 2016 er beiðni um endurskoðun launakjara ítrekuð. Jafnframt er vakin athygli á lögum nr. 61/2011 um stöðu íslenskrar tungu og íslensks tákn máls en samkvæmt þeim sé íslenskt tákn máls jafnrétt hátt íslensku sem tjáningarform í samskiptum manna í milli og óheimilt sé að mismuna mönnum eftir því hvort málið þeir nota. Með bréfi dagsettu 31. janúar 2017 ítrekaði forstöðumaðurinn beiðni um endurskoðun launakjara. Með bréfinu fylgdi greinargerð um starfsemi stofnunarinnar og verkefni forstöðumanns hennar.

III.

Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra starfar samkvæmt lögum nr. 129/1990 og reglugerð nr. 1058/2003 með síðari breytingum. Samkvæmt 1. gr. laganna er markmið þeirra að stuðla að jafnrétti heyrnarlausra til þjónustu sem víðast í þjóðfélaginu á grundvelli tákn máls heyrnarlausra. Samkvæmt 2. gr. laganna er hlutverk stofnunarinnar að annast rannsóknir á íslensku tákn máli, kennslu tákn máls, tákn málstúlkun og aðra þjónustu. Þar segir einnig að stofnunin skuli hafa samstarf við svæðisstjórnir um málefni fatlaðs fólks, Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins, Heyrnleysingjaskólann, Heyrnar- og talmeina- og talmeynistöð Íslands, Námsgagnastofnun og aðra opinbera aðila. Sama gildi um samstarf við félög áhugamanna.

Mennta- og menningarmálaráðherra skipar stofnuninni fimm manna stjórn til fjögurra ára. Hann skipar einnig forstöðumann stofnunarinnar til fimm ára í senn að fengnum tillögum stjórnar stofnunarinnar. Forstöðumaður á sæti á fundum stjórnarinnar með málfrelsi og tillögurétti og sér um framkvæmd á ákvörðunum hennar. Forstöðumaður annast daglegan rekstur stofnunarinnar og ræður annað starfsfólk. Samskiptamiðstöð gerir fjárhags- og framkvæmdaáætlun til allt að fimm ára. Stjórn stofnunarinnar staðfestir áætlanir og fylgist með framkvæmd þeirra. Ráðherra getur að fengnum tillögum stjórnar sett gjaldskrá fyrir þá þjónustu sem samskiptamiðstöðin veitir.

Samkvæmt lögum um stöðu íslenskrar tungu og íslensks tákn máls nr. 61/2011 er íslenska þjóðtunga Íslendinga og opinbert mál á Íslandi. Íslenskt tákn máls er fyrsta mál þeirra sem þurfa að reiða sig á það til tjáningar og samskipta og barna þeirra. Hver sem hefur þörf fyrir tákn máls skal eiga þess kost að læra og nota íslenskt tákn máls, jafnskjótt sem máltaka hefst eða frá þeim tíma sem heyrnarleysi, heyrnarskerðing eða samþætting sjón- og heyrnarskerðingar

hefur greinst. Sama rétt eiga nánustu aðstandendur. Íslenskt tákniál er jafnréttihátt íslensku sem tjáningarform í samskiptum manna í milli og er óheimilt að mismuna mönnum eftir því hvort málið þeir nota.

IV.

Í 8. gr. laga um kjararáð segir, að það skuli við úrlausn mála gæta innbyrðis samræmis í starfskjörum þeim sem það ákveður, og að þau séu á hverjum tíma í samræmi við laun í þjóðfélaginu hjá þeim sem sambærilegir geta talist með tilliti til starfa og ábyrgðar. Við ákvörðun sína skuli kjararáð gæta þess að föst laun fyrir dagvinnu, annarra en forseta Íslands, verði ekki hærri en föst laun forsætisráðherra samkvæmt 3. gr. Við ákvörðun launakjara samkvæmt 4. gr. laganna skuli sérstaklega gæta samræmis milli þeirra og þeirra kjara hjá ríkinu sem greidd eru á grundvelli kjarasamninga annars vegar og ákvarðana kjararáðs samkvæmt 3. gr. hins vegar. Þá skuli kjararáð ætíð taka tillit til almennrar þróunar kjaramála á vinnumarkaði. Í 10. gr. laganna segir að ráðið skuli taka mál til meðferðar þegar því þyki þurfa og ætíð ef orðið hafa verulegar breytingar á þeim launum í þjóðfélaginu sem höfð skulu til viðmiðunar samkvæmt lögnum eða á störfum þeirra sem úrskurðarvald þess tekur til.

Kjararáð ákvað forstöðumanni Samskiptamiðstöðvar heyrnarlausra og heyrnarskertra laun 25. mars 2011. Frá þeim tíma hafa laun hans tekið breytingum í samræmi við almennar ákvarðanir kjararáðs. Hér að framan er greint frá starfsemi Samskiptamiðstöðvar heyrnarlausra og heyrnarskertra og því hvernig starfsemi hennar hefur þróast. Með vísan til þess og að teknu tilliti til þess innbyrðis samræmis sem kjararáði ber að hafa að leiðarljósi og áður er getið hefur kjararáð ákveðið að laun og önnur starfskjör forstöðumanns Samskiptamiðstöðvar heyrnarlausra og heyrnarskertra skuli vera svo sem segir í ákvörðunarorði.

V.

Ákvörðunarorð

Frá og með 1. janúar 2016 skulu mánaðarlaun forstöðumanns Samskiptamiðstöðvar heyrnarlausra og heyrnarskertra vera samkvæmt launatöflu kjararáðs nr. 502, launaflokkur 132, nú 837.771 króna. Að auki skal greiða honum 15 einingar á mánuði fyrir alla yfirvinnu er starfinu fylgir.

Eining er 1% af launaflokkur 502-136, nú 9.572 krónur. Einingar greiðast alla mánuði ársins, einnig í sumarleyfi. Af því leiðir að ekki er greitt orlofsfé á einingar.

Laun eru við það miðuð að um fullt starf sé að ræða og þannig ákveðin að ekki komi til frekari greiðslna nema kjararáð úrskurði um það sérstaklega.

Um almenn starfskjör forstöðumanns Samskiptamiðstöðvar heyrnarlausra og heyrnarskertra gilda reglur kjararáðs frá 17. nóvember 2015.

Jónas Þór Guðmundsson

Hulda Árnadóttir

Svanhildur Kaaber